

Sjötta stig

Sjötta stigsprófið á píanó er þeytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Ætlast er til þess að nemendur í sjötta stigi stundi nám í tónfræðigreinum á framhaldsstigi í samráði við kennara og skólastjóra. Nemendur í sjötta stigi eiga að kaupa æfingabækur og nótur í samræmi við fyrirmæli kennara.

Við lok sjötta stigs eiga píanónemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt þegar leikið er á hljóðfærið.
- hafi á valdi sínu öruggar og hnitmiðaðar hreyfingar um allt hljómborðið.
- hafi gott vald á samhæfingu ólíkra hreyfinga.
- hafi öðlast mikla fingraleikni.
- hafi öðlast lipurð í leik brotinna hljóma og arpeggía.
- hafi öðlast góða áttundatækni.
- leiki með jöfnum og skýrum áslætti.
- hafi náð valdi á mismunandi áslætti allt frá legatissimo til staccatissimo.
- leiki með skýrum og blæbrigðaríkum tóni.
- ráði yfir víðu styrkleikasviði.
- geti dregið fram laglínu eða einstakar raddir í fjölradda tónvef.
- leiki með markvissri fingrasetningu sem samræmist túlkunarmarkmiðum hverju sinni.
- geti leikið skrautnótur skýrt, smekklega og í samræmi við viðeigandi stíl.
- hafi allgóða þekkingu og leikni í útfærslu skrauttákna.
- noti pedal á markvissan og fjölbreyttan hátt.
- miði pedalmótun við stíl hvers viðfangsefnis.
- sýni nákvæmni og sjálfstæði í mótun tónmynstra og hendinga.
- sýni nákvæmni og sjálfstæði í lestri og úrvinnslu tónmálsins.
- hafi öðlast mjög gott hrynskyn.
- hafi gott vald á sveigjanleika í hraða og hryn.
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í seinni hluta miðnáms.
- hafi fengið reglulega þjálfun í að leika utanbókar.
- hafi hlotið þjálfun í ýmiskonar samleik.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- hafi á valdi sínu samstígan krómátískan tónstiga frá hvaða nótu sem er, fjórar áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund á milli handa.
- hafi á valdi sínu gagnstígan krómátískan tónstiga frá hvaða nótu sem er, tvær áttundir með báðum höndum í einu.
- hafi á valdi sínu alla samstíga dúrtónstiga, fjórar áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund á milli handa.
- hafi á valdi sínu alla samstíga molltónstiga, hljómhæfa og laghæfa, þjár áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund á milli handa.
- hafi á valdi sínu alla gagnstíga dúrtónstiga, tvær áttundir með báðum höndum í einu.
- hafi á valdi sínu gagnstíga hljómhæfa molltónstiga, til og með fjórum formerkjum, tvær áttundir með báðum höndum í einu.
- hafi á valdi sínu brotna þríhljóma í öllum dúr- og molltóntegundum, tvær áttundir með báðum höndum í einu, sbr. tóndæmi á bls. 30 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri.
- hafi á valdi sínu arpeggíur í grunnstöðu og hljómhvörfum í öllum dúr- og molltóntegundum, þjár áttundir með báðum höndum í einu.

- hafi á valdi sínu alla forsjöundarhljóma í arpeggíum, tvær áttundir í grunnstöðu með hvorri hendi fyrir sig, sbr. tóndæmi á bls. 44 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri.
- hafi á valdi sínu minnkaðan sjöundarhljóm í arpeggíum frá hvaða nótu sem er, tvær áttundir með hvorri hendi fyrir sig, sbr. tóndæmi á bls. 45 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri.
- hafi á valdi sínu niðurlagshljóma í öllum dúr- og molltöntegundum til og með þremur formerkjum, sbr. tóndæmi á bls. 31 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á sjötta stigsprófi samkvæmt þessari námskrá.

Nemandi sýni með ótvíræðum hætti:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- margvísleg blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

Uppsetning sjötta stigsprófs og vægi prófþátta

Prófþættir á sjötta stigsprófi eru átta. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það.

1. Tónstigar og hljómar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga og hljóma:

- samstígan krómátískan tónstiga frá hvaða nótu sem er, fjórar áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund milli handa
- gagnstígan krómátískan tónstiga frá c' eða fí's, tvær áttundir með báðum höndum í einu
- einn samstígan dúrtónstiga, fjórar áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund milli handa
- einn samstígan molltónstiga, hljómhæfan og laghæfan, þrjár áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund milli handa
- brotna þríhljóma í tveimur dúrtóntegundum og tveimur molltóntegundum, tvær áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund milli handa, sbr. tóndæmi á bls. 30 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri
- arpeggiur í grunnstöðu og hljómhvörfum, í einni dúrtóntegund og einni molltóntegund, þrjár áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund milli handa
- tvo forsöundarhljóma í arpeggíum, tvær áttundir í grunnstöðu með annarri hendi í einu, sbr. tóndæmi á bls. 44 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri
- minnkaða sjöundarhljóma í arpeggíum frá nótonum a og d, tvær áttundir með hvorri hendi fyrir sig, sbr. tóndæmi á bls. 45 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri
- niðurlagshljóma, sbr. tóndæmi á bls. 31 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri, í einni dúr- og einni molltóntegund

Leikmáti:

- tónstiga eigi hægar en M.M. ♩ = 80, miðað við að leiknar séu sextándapartsnótur
- brotna hljóma, forsöundarhljóma og arpeggiur eigi hægar en M.M. ♩ = 108, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- jafnt, hiklaust, legato og utanbókar

Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

2. Æfing / Etýða (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir hljómborðshljóðfæri.

Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

3. Verk 1 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir hljómborðshljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

4. Verk 2 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir hljómborðshljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

5. Verk 3 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir hljómborðshljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

6. Val (10 stig)

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a. Leika verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur framhaldsprófsverkefni.
- b. Leika samleiksverk þar sem próftaki gegnir veigamiklu hlutverki.

7. Lestur af blaði (10 stig)

Verkefni sambærilegt þeim sem fengist var við á miðprófi.

8. Heildarsvipur (5 stig)

Mat prófdómara á heildarsvip prófs. Getur tekið til ýmissa þátta, en þar á meðal eru tilfinning fyrir túlkun og hendingamótun, blæbrigði og andstæður, þekking og skilningur á stíl, tilfinning fyrir samleik, öruggur og sannfærandi leikur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma.

Framhaldspróf

Framhaldspróf á píanó er þeytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Framhaldspróf eru aðeins dæmd af Prófánend tónlistarskóla og kemur prófdómari á vegum hennar alla jafna árlega til þess að dæma próf í skólanum.

Framhaldsprófið telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **tónfræðigreinum á framhaldsstigi** og **framhaldsprófstónleikum** og aðeins þá fæst afhent prófskírteini frá Prófánefnd. Ætlast er til þess að nemendur eigi æfingabækur og nótur í samræmi við fyrirmæli kennara.

Við lok framhaldsnáms eiga píanónemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt þegar leikið er á hljóðfærið.
- hafi á valdi sínu öruggar og hnitmiðaðar hreyfingar um allt hljómborðið.
- hafi mjög gott vald á samhæfingu ólíkra hreyfinga.
- hafi öðlast mikla fingraleikni og snerpu.
- hafi öðlast lipurð og hraða í leik brotinn hljóma og arpeggía.
- hafi öðlast góða áttundatækni.
- leiki með jöfnum og skýrum áslætti.
- hafi náð valdi á mismunandi áslætti allt frá legatissimo til staccatissimo.
- leiki með skýrum og blæbrigðaríkum tóni.
- ráði yfir víðu styrkleikasviði.
- geti dregið fram laglínu eða einstakar raddir í fjölradda tónvef.
- leiki með markvissri fingrasetningu sem samræmist túlkunarmarkmiðum hverju sinni.
- geti leikið skrautnótur skýrt, smekklega og í samræmi við viðeigandi stíl.
- hafi allgóða þekkingu og leikni í útfærslu skrauttákna.
- noti pedal á markvissan og fjölbreyttan hátt.
- miði pedalmótun við stíl hvers viðfangsefnis.
- sýni nákvæmni og sjálfstæði í mótun tónmynstra og hendinga.
- sýni nákvæmni og sjálfstæði í lestri og úrvinnslu tónmálsins.
- hafi öðlast mjög gott hrynskyn.
- hafi mjög gott vald á sveigjanleika í hraða og hryn.
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við á miðprófi.
- hafi fengið reglulega þjálfun í að leika utanbókar.
- hafi náð valdi á að leika viðamikil verk í heild sinni utanbókar.
- hafi hlotið þjálfun í ýmiskonar samleik.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- hafi á valdi sínu samstígan krómatískan tónstiga frá hvaða nótu sem er, fjórar áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund á milli handa.
- hafi á valdi sínu gagnstígan krómatískan tónstiga frá hvaða nótu sem er, tvær áttundir með báðum höndum í einu.
- hafi á valdi sínu krómatískan tónstiga í samstígam litlum þríundum með hvorri hendi fyrir sig, tvær áttundir frá hvaða grunntóni sem er.
- hafi á valdi sínu alla samstíga dúrtónstiga, fjórar áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund á milli handa.
- hafi á valdi sínu alla samstíga molltónstiga, hljómhæfa og laghæfa, fjórar áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund á milli handa.
- hafi á valdi sínu alla samstíga dúrtónstiga, fjórar áttundir með báðum höndum í einu, þríund eða tíund og sexund á milli handa.
- hafi á valdi sínu alla gagnstíga dúrtónstiga, tvær áttundir með báðum höndum í einu.

- hafi á valdi sínu alla gagnstíga hljómhæfa molltónstiga, tvær áttundir með báðum höndum í einu.
- hafi á valdi sínu alla dúrtónstiga og alla hljómhæfa molltónstiga, sbr. tóndæmi á bls. 44 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri.
- hafi á valdi sínu dúrtónstiga í samstígu þríundum til og með þremur formerkjum, tvær áttundir með hvorri hendi fyrir sig, staccato og legato.
- hafi á valdi sínu brotna þríhljóma í öllum dúr- og molltóntegundum, tvær áttundir með báðum höndum í einu, sbr. tóndæmi á bls. 30 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri.
- hafi á valdi sínu arpeggíur í grunnstöðu og hljómhvörfum í öllum dúr- og molltóntegundum, fjórar áttundir með báðum höndum í einu.
- hafi á valdi sínu alla forsöundarhljóma í arpeggíum, þrjár áttundir í grunnstöðu með hvorri hendi fyrir sig, sbr. tóndæmi á bls. 44 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri.
- hafi á valdi sínu minnkaðan sjöundarhljóm í arpeggíum frá hvaða nótu sem er, þrjár áttundir með hvorri hendi fyrir sig, sbr. tóndæmi á bls. 45 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri.
- hafi á valdi sínu niðurlagshljóma í öllum dúr- og molltóntegundum, sbr. tóndæmi á bls. 31 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á framhaldsprófi samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla.
- hafi undirbúið efnisskrá til flutnings á tónleikum samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 41–42.

Nemandi sýni með ótvíræðum hætti:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- margvísleg blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

Uppsetning framhaldsprófs og vægi prófpátta

Prófpættir á framhaldsprófi eru átta. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það. Á framhaldsprófi skal flytja að minnsta kosti eitt viðamikild verk í heild sinni.

1. Tónstigar og hljómar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga og hljóma:

- samstígan krómatískan tónstiga frá hvaða nótu sem er, fjórar áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund milli handa
- gagnstígan krómatískan tónstiga frá c' eða fí's', tvær áttundir með báðum höndum í einu
- krómatískan tónstiga í samstígum litlum þríundum með hvorri hendi fyrir sig, tvær áttundir frá grunntóni að eigin vali
- einn samstígan dúrtónstiga, fjórar áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund milli handa
- einn samstígan molltónstiga, hljómhæfan og laghæfan, fjórar áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund milli handa
- tvo samstíga dúrtónstiga, fjórar áttundir með báðum höndum í einu, þríund eða tíund og sexund milli handa
- einn dúrtónstiga og einn hljómhæfan molltónstiga, sbr. tóndæmi á bls. 44 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri
- einn dúrtónstiga í samstígum þríundum, tvær áttundir með hvorri hendi fyrir sig, staccato og legato
- brotna þríhljóma í tveimur dúrtóntegundum og tveimur molltóntegundum, tvær áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund milli handa, sbr. tóndæmi á bls. 30 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri
- arpeggiur í grunnstöðu og hljómhvörfum, í einni dúrtóntegund og einni molltóntegund, fjórar áttundir með báðum höndum í einu, ein áttund milli handa
- tvo forsöundarhljóma í arpeggiú, þrjár áttundir í grunnstöðu með annarri hendi í einu, sbr. tóndæmi á bls. 44 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri
- minnkaða sjöundarhljóma í arpeggiú frá nótonum a og d, þrjár áttundir með hvorri hendi fyrir sig, sbr. tóndæmi á bls. 45 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri
- niðurlagshljóma, sbr. tóndæmi á bls. 31 í greinanámskrá fyrir hljómborðshljóðfæri, í einni dúr- og einni molltóntegund

Leikmáti:

- tónstiga eigi hægar en M.M. ♩ = 100, miðað við að leiknar séu sextándapartsnótur
- brotna hljóma, forsöundarhljóma og arpeggiur eigi hægar en M.M. ♩ = 80, miðað við að leiknar séu sextándapartsnótur
- krómatískan tónstiga í samstígum litlum þríundum með hvorri hendi fyrir sig og dúrtónstiga í samstígum þríundum með hvorri hendi fyrir sig eigi hægar en M.M. ♩ = 80 miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- jafnt, hiklaust, legato og utanbókar

Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

2. Æfing / Etýða (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir hljómborðshljóðfæri.

Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

3. Verk 1 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir hljómborðshljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.
Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

4. Verk 2 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir hljómborðshljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.
Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

5. Verk 3 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir hljómborðshljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.
Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

6. Val (10 stig)

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a. Leika verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur framhaldsprófsverkefni.
- b. Leika samleiksverk þar sem próftaki gegnir veigamiklu hlutverki.

7. Lestur af blaði (10 stig)

Verkefni sambærilegt þeim sem fengist var við á miðprófi.

8. Heildarsvipur (5 stig)

Mat prófdómara á heildarsvip prófs. Getur tekið til ýmissa þátta, en þar á meðal eru tilfinning fyrir túlkun og hendingamótun, blæbrigði og andstæður, þekking og skilningur á stíl, tilfinning fyrir samleik, öruggur og sannfærandi leikur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma.

Framhaldsprófstónleikar

Að loknu framhaldsprófi í hljóðfæraleik skal nemandi leika 30–60 mínútna langa efnisskrá á tónleikum innan eða utan skólans. Prófdómari frá Prófanefnd tónlistarskólanna kemur til þess að dæma tónleikana. Fyrir frammistöðu á tónleikunum er gefin umsögn en ekki einkunn. Ekki er nauðsynlegt að halda tónleikana á sama skólaári og hljóðfæraprófið fer fram. Séu prófið og tónleikarnir haldnir á sama skólaári er heimilt að nota alla efnisskrá prófsins á tónleikunum. Fari tónleikar fram síðar skal að minnsta kosti helmingur efnisskrárinnar endurnýjaður. Gæta þarf þess að efnisskrá sé fjölbreytt og vel saman sett.